

8. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð skv. ákvörðun borgarráðs. Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem borgarráð og heilbrigðisráð setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, getur borgarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörum. Jafnframt má þá ákveða að leyfi verði ekki veitt til rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi 1. nóvember 1987 þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar, setja.

Jafnframt er úr gildi felld samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík o.fl. nr. 137/1971 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 22. október 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akureyrar.

1. gr.

Hitaveitan selur varmaorku úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Vatnsrennsli að hitakerfi húsa er takmarkað um hemla. Greiða skal árlegt aflgjald samkvæmt hemilstillingu, sem kaupandi ákveður og fer skriflega fram á við hitaveituna.

Neysluvatnslögn skal tengja fyrir framan hemil og fyrir aftan mæli.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. desember, þótt aflþörf verði minni hluta úr ári.

Gjaldtaka skal þó miðast við fyrsta dag næsta mánaðar eftir breytingu, þegar um hækkun hemilstillingar er að ræða.

Fyrir breytingu á hemilstillingu skal greiða skammtabreytingargjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

Mínsta breyting á hemilstillingu er 0,5 lír/mín (mínútulítri).

Lágmarksstilling hemils er einn ltr/mín.

3. gr.

Fyrir öll afnot af varmaorku skal greiða orkugjald samkvæmt rúmmetramáli og fast aflgjald samkvæmt hemilstillingu eða mælagjald.

- A. Orkugjald:
Orkugjald fyrir hvern rúmmetra kr. 58,40
- B. Fastagjald:
B.1 Fyrir almenna húshitun ásamt neysluvatni.
Fast aflgjald (hemlagjald) ltr/mín/ár kr. 3 338,00
B.2 Án húshitunar.
Mælagjald á mánuði kr. 317,00

4. gr.

- C. Stofngjöld skulu reiknast sem hundraðshluti af sama stofni og útreikningur byggingargjalda miðast við samkvæmt gjaldskrá byggingargjalda á Akureyri.
- C.1 Gjaldstuðull fyrir fyrstu 300 m² 1,1%
C.2 Gjaldstuðull umfram 300 m² 0,4%
Í stofngjaldi er innifalin ein heimæð á lóð allt að 30 m að lengd, talið frá lóðarmörkum þar sem hitaveituæðin kemur að viðkomandi lóð.
- C.3 Mælagrindargjald kr. 11 079,00
C.4 Gjald fyrir hvern lengdarmetra í heimæð umfram 30 m lengd frá lóðarmörkum kr. 1 388,00

5. gr.

- D. Önnur gjöld.
- D.1 Lokunargjald kr. 700,00
D.2 Skammtabreytingargjald kr. 414,00
D.3 Mælaálestrargjald (aukaálestur) kr. 414,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. október 1987, 102,4 stig.

Gjaldskrár þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1987 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 350, 23. júlí 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 28. október 1987.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.